

Fundur haldin í hreppsnefnd Tjörneshrepps 4. október 2023, klukkan 13:00 í Sólvangi.

Allir aðalmenn eru mættir. Einnig eru mættir fulltrúar frá Byggðastofnun, Arnar Már og Reinhard. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Heimsókn Byggðastofnunnar
Gestir héldu kynningu á Byðggðastofnun og fóru yfir starfsemi hennar og mögulegt samspil hennar við Tjörneshrepp.
2. Erindi frá Félagsþjónustu Norðurþings
Erindi frá Hróðnýju Lund varðandi barnavernd. Lagt fram til kynningar og oddvita falið að svara málinu.
3. Erindi frá Elísabetu Gunnarsdóttur varðandi styrk vegna þátttöku á heimsmeistaramóti smalahunda á Írlandi.
Hreppsnefnd samþykkir styrkveitingu upp á 50.000 krónur.
Oddviti vék af fundi við afgreiðslu málsins.
4. Erindi frá FSSP.
Óskað er eftir styrk vegna árshátíðar sauðfjárþænda sem haldin verður 7. október.
Hreppsnefnd samþykkir 25.000 króna styrkveitingu.
Oddviti vék af fundi við afgreiðslu málsins.
5. Erindi frá SSNE – Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023-2026.
Hreppsnefnd staðfestir svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til 12 ára í senn.
6. Erindi frá Markaðsstofu Norðurlands.
Ósk um fjárframlag til flugklasans sem er tengiliður flugfélaga og ferðaskrifstofavið áfangastaðinn Akureyri.
Hreppsnefnd hafnar erindinu.
7. Fjárhagsáætlun 2024 fyrri umræða.
2024
Tekjur – 58.996.624
Gjöld – 45.754.000
8. Fjárhagsáætlun – þriggja ára áætlun
2025
Tekjur – 61.792.719
Gjöld – 47.910.000
2026
Tekjur – 64.462.529
Gjöld – 49.565.000
2027
Tekjur – 66.064.415
Gjöld – 50.537.000
9. Umsögn innviðaráðuneytis um álit sveitarstjórnar um stöðu sveitarfélagsins.
Umsögnin var lögð fram til kynningar. Oddvita falið að svara umsögninni.

Fleira ekki gert, fundi slitið 15:25.

Katý Bjarnadóttir
Aðalsteinn J. Halldórsson
Sveinn Egilsson

Jón Gunnarsson
Smári Kárason